

## Persónuverndarstefna Aurbjargar

### 1. Almenn

Fjártækifyrirtækið Aurbjörg ehf., eigandi þjónustuvefs Aurbjargar, [www.aurbjorg.is](http://www.aurbjorg.is), (hér eftir „Aurbjörg“) hefur það að markmiði að tryggja ábyrga og örugga vinnslu allra persónuupplýsinga sem unnið er með hjá Aurbjörgu og skuldbindur sig til að vinna aðeins með persónuupplýsingar á þann hátt sem lýst er í persónuverndarstefnu þessari og samræmist ákvæðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/679 (GDPR) (hér eftir sameiginlega „persónuverndarlöggjöf“).

Vinsamlega kynntu þér persónuverndarstefnu þessa vel og vandlega. Ef þú samþykkir ekki efni hennar getur þú ávallt hætt að nota þjónustu Aurbjargar.

Ábyrgðaraðili er Aurbjörg ehf., kt. 430518-1430, Lágmúla 9, 108 Reykjavík, [aurbjorg@aurbjorg.is](mailto:aurbjorg@aurbjorg.is).

### 2. Skilgreiningar og túlkun

**Persónuupplýsingar** eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Sá telst persónugreinanlegur ef hægt er að tengja hann/hana/hán, beint eða óbeint, við upplýsingar svo sem með tilvísun í nafn, kennitölu, netauðkenni eða einn eða fleiri þætti sem teljast til einkenna og aðgreina hann frá öðrum. Persónuupplýsingar skiptast í almennar og viðkvæmar persónuupplýsingar. Ópersónugreinanleg gögn falla utan persónuverndarlöggjafarinnar.

**Hinn skráði** er einstaklingur eða sá sem persónuupplýsingarnar varða hverju sinni (hér einnig „þú“ eða „notandi“).

**Vinnsla** er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem persónuupplýsingar eru unnar, hvort sem vinnsla er sjálfvirk eða ekki, s.s. söfnun, notkun og varðveisla þeirra. Vinnsla er hvers konar meðferð á persónuupplýsingum.

**Ábyrgðaraðili** er sá sem ber ábyrgð á því að sú vinnsla sem fer fram á hans/hennar/hán vegum samræmist persónuverndarlöggjöf og hann/hún/hán þarf að geta sýnt fram á það. Hann/Hún/Hán er sá sem ákveður tilgang vinnslunnar og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga.

**Vinnsluaðili** er sá sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila eða f.h. ábyrgðaraðila á grundvelli vinnslusamnings.

**Samstarfsaðili (Partner)** er lögaðili sem hefur gert samning við Aurbjörgu um notkun Aurbjörg Partners og uppfyllir þau hæfis-, öryggis- og trúnaðarskilyrði sem Aurbjörg setur.

Samstarfsaðili kann að vera lífeyrissjóður, tryggingafélag, fjármálafyrirtæki, ráðgjafarfyrtæki eða annar aðili sem veitir notendum þjónustu, greiningu eða ráðgjöf.

Þegar samstarfsaðili fær aðgang að persónuupplýsingum notanda á grundvelli fyrirmæla og samþykkis notanda verður samstarfsaðili almennt sjálfstæður ábyrgðaraðili vegna þeirrar vinnslu sem fram fer á hans vegum nema annað leiði af tæknilegri útfærslu eða sérstökum samningi.

**Samþykki** fyrir vinnslu persónuupplýsinga telst vera óþvinguð, sértæk, upplýst og ótvíræð viljayfirlýsing hins skráða um að hann/hún/hán samþykki, með yfirlýsingu eða ótvíræðri staðfestingu, vinnslu persónuupplýsinga um sig.

### 3. Gildissvið

Persónuverndarstefna þessi gildir um alla starfsemi í tengslum við þjónustuvef Aurbjorgar þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram en tekur þó aðeins til einstaklinga, ekki lögaðila. Séu einstaklingar í forsvari fyrir viðskiptavinum sem eru lögaðilar gilda ákvæði stefnunnar um þá einstaklinga eftir því sem við getur átt.

Persónuverndarstefna þessi gildir einungis fyrir notkun þína á þjónustuvefnum [www.aurbjorg.is](http://www.aurbjorg.is). Á síðunum kunna að vera tenglar á aðrar vefsíður sem persónuverndarstefna þessi nær ekki yfir. Vinsamlega kynntu þér persónuverndarstefnu þeirra vefsíðna áður en þú afhendir þeim persónuupplýsingar.

### 4. Réttindi hins skráða

Hinn skráði á rétt á því að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að tryggja réttindi hans/hennar/hán samkvæmt ákvæðum persónuverndarlöggjafar og er persónuverndarstefna þessi skrifuð með það að markmiði. Aurbjörg leggur áherslu á að tryggja eftirfarandi réttindi:

**Upplýsingaréttur.** Réttur til að fá upplýsingar um þau gögn sem verið er að vinna með um þig þannig að þú getir gætt annarra réttinda þinna samkvæmt persónuverndarlöggjöfni.

**Aðgangsréttur.** Réttur til að fá upplýsingar um það hvort verið sé að vinna með persónuupplýsingar um þig. Í því felst réttur til að fá staðfestingu á því, afrit af upplýsingunum sem er verið að vinna með og aðrar upplýsingar um vinnsluna, s.s. tilgang og afleiðingar slíkrar vinnslu fyrir þig.

**Andmælaréttur.** Réttur til að mótmæla því að persónuupplýsingar um þig séu notaðar í sérstökum tilgangi.

**Flutningsréttur.** Réttur til að flytja eigin gögn sem þú hefur sjálf/ur afhent ábyrgðaraðila, t.a.m. ef þú vilt endurnýta þau hjá annarri þjónustu eða ábyrgðaraðila.

**Réttur til leiðréttingar og eyðingar.** Réttur til að láta leiðrétta eða eyða persónuupplýsingum um þig sem eru óáreiðanlegar eða rangar.

**Réttur til að gleymast.** Í vissum tilfellum átt þú rétt á því að öllum persónuupplýsingum sem við höfum að geyma um þig sé eytt, ef upplýsingarnar eru ekki lengur nauðsynlegar í ljósi upphaflegs tilgangs fyrir vinnslu.

**Réttindi vegna Aurbjörg Partners.** Notandi sem hefur veitt samstarfsaðila aðgang að upplýsingum sínum í gegnum Aurbjörg Partners á rétt á að sjá yfirlit yfir fyrirmæli og samþykki sem hann hefur veitt, sjá yfirlit yfir uppflettingar samstarfsaðila eftir því sem við á, afturkalla fyrirmæli sín og samþykki hvenær sem er og fá upplýsingar um hvaða gagnaflokkar hafa verið gerðir aðgengilegir. Ef beiðni notanda varðar vinnslu samstarfsaðila eftir að hann hefur fengið aðgang að upplýsingunum kann notandi að þurfa að beina beiðninni til samstarfsaðilans sem

sjálfstæðs ábyrgðaraðila. Aurbjörg mun eftir fönngum veita notanda upplýsingar um hvert slíkri beiðni skuli beint.

## **5. Söfnun persónuupplýsinga**

Það hvaða persónuupplýsingum er safnað um þig fer eftir notkun þinni á vefsíðu Aurbjargar. Þegar þú skráir þig í áskriftarþjónustu Aurbjargar samþykkir þú vinnslu persónuupplýsinga um þig.

### **Upplýsingar sem þú afhendir Aurbjörgu.**

Þegar þú innskráir þig, stofnar til áskriftar hjá Aurbjörgu eða á annan hátt notar vefsíðuna, safnar Aurbjörg grunnupplýsingum um þig eins og nafninu þínu, kennitölu, heimilisfangi, netfangi, auðkennisupplýsingum, greiðslukortaupplýsingum og öðrum upplýsingum sem þú velur að veita Aurbjörgu inni á aðgangi þínum. Einnig kunna það að vera upplýsingar um hvernig fjármál þín standa og upplýsingar um hegðun og notkun þegar þú tekur þátt í markaðsrannsókn eða þjónustukönnun sem og aðrar samskiptaupplýsingar.

### **Upplýsingar sem Aurbjörg fær frá þriðja aðila.**

Aurbjörg kann að nota þær upplýsingar sem þú afhendir Aurbjörgu til að kalla eftir frekari upplýsingum frá þriðja aðila (samstarfsaðila/vinnsluaðila) í opinberar skrár, eins og upplýsingar um eignir, lán, tryggingar eða lánshæfi, svo unnt sé að afhenda þá vöru eða veita þá þjónustu sem þú óskar eftir. Slík upplýsingaöflun byggist ávallt á því að sérstök heimild sé til staðar til að afhenda Aurbjörgu upplýsingarnar. Aurbjörg mun biðja um samþykki þitt áður en kallað er eftir upplýsingunum, eftir því sem tilefni er til. Dæmi um slíka aðila eru Creditinfo, fjármálastofnanir og tryggingafélög.

### **Upplýsingar sem Aurbjörg safnar sjálfkrafa úr tækinu þínu.**

Eins og flestar vefsíður þá kann vefsíða Aurbjargar að safna ákveðnum upplýsingum sem tengjast þér og tækinu sem þú notar við heimsókn á síðuna. Þannig afhendir þú Aurbjörgu ákveðnar upplýsingar með óbeinum hætti eins og IP-tölu, raðnúmer snjalltækis, stýrikerfi og tegund vafra. Þessar upplýsingar eru þó aldrei notaðar til þess að auðkenna þig.

Tæknin sem notuð er fyrir þessa sjálfkrafa gagnaöflun felst í notkun vefkaka (e. Cookies).

Vefkökur eru litlar textaskrár sem eru vistaðar í tölvu eða snjalltæki þínu þegar þú heimsækir vefsíðuna í fyrsta sinn. Vefkökur gera vefsíðunni kleift að safna upplýsingum um aðgerðir þínar á vefsíðunni þannig að næst þegar þú heimsækir vefsíðuna ber vefsíðan kennsl á tækið og aðgerðir þínar.

Sumar vefkökur eru nauðsynlegar til þess að vefsíðan virki eðlilega og virkjast þær sjálfkrafa þegar þú heimsækir vefsíðuna. Dæmi um nauðsynlegar vefkökur eru tölfræðikökur og virkniökur sem virkja eiginleika vefsvæðisins sem eru forsenda fyrir notkun svæðisins og byggjast þar með á lögmætum hagsmunum Aurbjargar. Þær eru oftast vefkökur frá fyrsta aðila (e. First-Party Cookies), þ.e. þær koma frá sama léni og vefsíðan sem þú heimsækir [www.aurbjorg.is](http://www.aurbjorg.is).

Vefkökur frá fyrsta aðila geta þó verið fleiri en þær sem nauðsynlegar eru. Þær eru notaðar í þeim tilgangi að auðvelda þér innskráningu á notendavef Aurbjargar og bæta upplifun og notkun

þína á öllu því sem er í boði á síðunni. Þær eru engu að síður mikilvægar þó þær séu ekki forsenda fyrir notkun svæðisins en þær gera þér kleift að komast á milli síðna á auðveldari hátt og muna þær stillingar sem þú valdir þegar þú heimsóttir síðuna síðast.

Vefkökur frá þriðja aðila (e. Third-Party Cookies) koma frá öðrum lénnum sem Aurbjörg kaupir þjónustu af, t.d. greiningar- og auglýsingakökur. Þriðji aðili getur þá einnig borið kennsl á tækið þitt þegar þú heimsækir vefsíðuna. Þær eru notaðar í þeim tilgangi að skilja enn betur hvernig vefsíðan er notuð og t.a.m. hversu áhrifaríkar markaðsherferðir okkar eru. Þær hjálpa Aurbjörgu við að bæta upplifun þína enn frekar og sníða markaðsefni og auglýsingar að ákveðnum markhópum.

Aurbjörg notar slíkar vefkökur á vefsvæði sínu með þjónustu Google Analytics. Þú getur ávallt farið í stillingar á vefkökum á vefsíðu Aurbjargar og valið og hafnað vefkökum sem eru ekki nauðsynlegar.

Fjarskiptastofa hefur eftirlit með nýtingu vefkaka og hvort heimild sé til staðar fyrir notkun þeirra samkvæmt lögum nr. 70/2022 um fjarskipti.

Persónuupplýsingum er ekki miðlað til þriðja aðila nema slíkt sé nauðsynlegt vegna þeirrar þjónustu sem notandi óskar eftir, byggji á samþykki notanda, sé liður í notkun vinnsluaðila Aurbjargar eða sé heimilt eða skylt samkvæmt lögum.

Aurbjörg safnar almennt ekki viðkvæmum persónuupplýsingum s.s. heilsufarsupplýsingum, upplýsingum um þjóðerni, trúarbrögð o.fl.

### **Aurbjörg Partners – aðgangur samstarfsaðila samkvæmt fyrirmælum notanda**

Aurbjörg Partners er notendastýrð þjónusta sem gerir notanda kleift að veita tilteknum samstarfsaðila aðgang að völdum upplýsingum sínum hjá Aurbjörgu í þeim tilgangi að fá þjónustu, greiningu, áætlanagerð eða ráðgjöf. Slíkur aðgangur er einungis veittur ef notandi hefur sjálfur óskað eftir því eða staðfest beiðni þess efnis í gegnum kerfi Aurbjargar. Með staðfestingu sinni veitir notandi Aurbjörgu fyrirmæli um að gera tilgreindar upplýsingar aðgengilegar viðkomandi samstarfsaðila og samþykkir þá vinnslu persónuupplýsinga sem í því felst.

Í staðfestingu notanda skal koma fram, eftir því sem við á, hvaða samstarfsaðili fær aðgang, hvaða upplýsingar eða gagnaflokkar verða aðgengilegir, í hvaða tilgangi aðgangurinn er veittur, hversu lengi fyrirmælin/samþykkið gilda og hvernig notandi getur afturkallað þau.

Aurbjörg gerir engar upplýsingar aðgengilegar samstarfsaðila í gegnum Aurbjörg Partners nema notandi hafi veitt fyrirmæli og samþykki fyrir slíkum aðgangi. Aurbjörg heldur skrá yfir fyrirmæli og samþykki notanda, þar á meðal hvenær þau voru veitt, hvaða samstarfsaðila þau tóku til, hvaða gagnaflokkar voru gerðir aðgengilegir, gildistíma fyrirmælanna/samþykkisins og hvort eða hvenær þau voru afturkölluð.

Aurbjörg ber ábyrgð á rekstri Aurbjörg Partners, auðkenningu notanda, skráningu fyrirmæla og samþykkis, aðgangsstýringum og rekjanleika tengt kerfum Aurbjargar og samkvæmt fyrirmælum notanda. Aurbjörg ber ekki ábyrgð á þeirri ráðgjöf, greiningu, tillögum eða annarri þjónustu sem samstarfsaðili veitir notanda á grundvelli upplýsinganna. Samstarfsaðili ber almennt sjálfur

ábyrgð á þeirri vinnslu sem fram fer á hans vegum eftir að hann fær aðgang að upplýsingum notanda, nema annað leiði af tæknilegri útfærslu eða sérstökum samningi.

## 6. Tilgangur og heimildir söfnunar

Aurbjörg safnar framangreindum upplýsingum í þeim tilgangi að:

- a) Afhenda þér þá vöru og þjónustu sem þú óskar eftir og Aurbjörg býður upp á.
- b) Hafa samband við þig með tilkynningum/skilaboðum til að upplýsa þig um nýjungar og þróun vefsíðunnar sem kann að vekja áhuga þinn, tilkynna þér um breytingar á skilmálum, tengja þig við samstarfsaðila ef þess er óskað og senda þér markaðspósta og kynningarefni. Þegar þér berst tölvupóstur í markaðslegum tilgangi frá Aurbjörgu getur þá ávallt kosið að afskrá þig af þeim lista með því að velja „afskrá mig af póstlista“ í tölvupóstinum.
- c) Greina og bæta efni þjónustunnar sem er aðgengileg á vefsíðunni og til að meta þarfir notenda. Aurbjörg greinir hegðunarmynstur þitt út frá fótsporum þínum á vefsíðunni og tilgangurinn er að veita notendum betri innsýn í hegðun markaðarins í fasteignakaupum og lántöku svo dæmi séu nefnd. Að auki eru framkvæmdar greiningar í markaðslegum tilgangi og eftir atvikum seldar fyrirtækjum og/eða birtar opinberlega. Sé það gert eru einungis ópersónugreinanlegar upplýsingar notaðar, ekki þínar persónuupplýsingar.
- d) Sérnsíða þjónustuna að þínum þörfum og óskum með greiningu á þínu hegðunarmynstri og sýna þér samanburð á hegðunarmynstri annarra notenda (sem er byggt á ópersónugreinanlegri samantekt). Liður í sérnsíðinni þjónustu kann að vera byggður á sjálfvirkri vinnslu persónuupplýsinga í hugbúnaði Aurbjargar sem vinnur með persónuupplýsingar um þig á sjálfvirkan hátt. Slík vinnsla kann að fela í sér gerð persónusniðs eða sjálfvirka greiningu. Aurbjörg tekur þó ekki bindandi ákvarðanir um réttindi eða skyldur notanda á grundvelli slíkrar vinnslu nema notandi sé sérstaklega upplýstur um slíkt.
- e) Gera notanda kleift, að eigin ósk og samkvæmt fyrirmælum hans, að veita samstarfsaðila aðgang að tilteknum upplýsingum sínum í gegnum Aurbjörg Partners, í þeim tilgangi að notandi geti fengið þjónustu, greiningu, áætlanagerð eða ráðgjöf frá viðkomandi samstarfsaðila.
- f) Í öðrum lögmætum tilgangi sem tengist rekstri, öryggi, þróun og vernd þjónustu Aurbjargar, að því marki sem slíkt samrýmist persónuverndarlöggjöf.

Að meginstefnu til byggir vinnsla persónuupplýsinga um þig á samningssambandi milli þín og Aurbjargar um tiltekna þjónustu. Í ákveðnum tilvikum byggir vinnslan einnig á upplýstu samþykki ásamt því að í einhverjum tilvikum kann að vera nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar þínar á grundvelli lögmætra hagsmuna sem Aurbjörg gætir. Hinir lögmætu hagsmunir eru hér fólgirnir í því að Aurbjörg geti veitt notendum vefsíðunnar betri þjónustu og sinnt samanburðar- og greiningarþjónustu sinni.

Vinnsla Aurbjargar í tengslum við Aurbjörg Partners byggir á fyrirmælum og samþykki notanda.

Vinnsla sem tengist öryggi, rekjanleika, skráningu uppflettinga, meðferð kvartana og úttektum kann einnig að byggja á lögmætum hagsmunum Aurbjargar eða lagaskyldu.

## **7. Öryggi og varðveisla persónuupplýsinga**

Aurbjörg gætir þess í hvívetna að vernda persónuupplýsingar með viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir óheimila notkun, afritun, afhendingu til þriðja aðila, sem og til að fyrirbyggja að upplýsingar glatist, séu ranglega skráðar eða að önnur misnotkun á upplýsingum eigi sér stað. Persónubundnar aðgangsstýringar, dulkóðun, notkun gerviauðkenna, álagsprófanir eru dæmi um slíka öryggisráðstöfun. Öll hýsing og flutningur persónuupplýsinga skal sérstaklega tryggður og vera í samræmi við kröfur persónuverndarlöggjafarinnar. Þá leggur Aurbjörg áherslu á að brugðist sé við öryggisbrotum í samræmi verklagsreglur og ákvæði persónuverndarlöggjafar þegar tilkynningar berast til persónuverndarfulltrúa félagsins.

Í tengslum við Aurbjörg Partners heldur Aurbjörg skrá yfir fyrirmæli og samþykki notanda og uppflettingar samstarfsaðila, eftir því sem nauðsynlegt er til að tryggja rekjanleika, upplýsa notanda, sinna kvörtunum, framkvæma úttektir og uppfylla lögbundnar skyldur. Slík skrá getur m.a. innihaldið upplýsingar um hvaða samstarfsaðili fékk aðgang, hvaða starfsmaður framkvæmdi uppflettingu, hvaða notanda var flett upp, dagsetningu og tíma uppflettingar, hvaða gagnaflokkar voru aðgengilegir og tilgang uppflettingar, eftir því sem við á. Skráin er varðveitt í þann tíma sem nauðsynlegt er vegna framangreinds tilgangs en að jafnaði ekki lengur en tvö ár nema lengri varðveisla sé nauðsynleg vegna kvörtunar, ágreinings, eftirlitsmáls eða lagaskyldu.

Persónuupplýsingar eru aðeins varðveittar eins lengi og nauðsynlegt er til að Aurbjörg geti sinnt þeirri þjónustu sem er í boði og í samræmi við upphaflegan tilgang vinnslunnar. Meginreglan er að persónuupplýsingar þínar eru geymdar á meðan áskriftarþjónusta stendur eða lögmætir hagsmunir Aurbjargar krefjast þess. Ef sérlög kveða á um skyldu til að varðveita tiltekin gögn lengur, s.s. lög nr. 145/1994 um bókhald, ganga þau framár.

## **8. Breytingar á persónuverndarstefnunni**

Persónuverndarstefnan kann að taka breytingum vegna breytinga á löggjöf, starfsemi félagsins eða öðrum ástæðum sem kunna að kalla á slíkt. Komi til breytinga verða þær aðgengilegar á vefsvæði Aurbjargar og er litið svo á að þú hafir samþykkt breytingarnar með áframhaldandi notkun á vefsíðu félagsins. Ef breytingar fela í sér nýja vinnslu persónuupplýsinga sem krefst samþykkis notanda mun Aurbjörg, eftir því sem við á, óska sérstaklega eftir slíku samþykki. Við mælum með að þú fylgist vel með á vefsíðunni og kynnir þér allar breytingar vel.

## **9. Tengiliður og réttarúrræði**

Persónuverndarfulltrúi félagsins, Jón Jósep Snæbjörnsson, er tengiliður við hinn skráða og sér um samskipti við persónuverndaryfirvöld. Persónuverndarfulltrúi sinnir því hlutverki að veita ráðgjöf í tengslum við persónuverndarlöggjöfina og sýna fram á fylgni við hana í starfsemi Aurbjargar og Aurbjörg ehf. en tekur ekki ákvarðanir um vinnslu persónuupplýsinga.

Ef þú telur að brotið hafi verið á rétti þínum vinsamlega hafðu samband og við tökum erindi þitt til skoðunar. Fyrirspurnir, athugasemdir og ábendingar sem varða persónuupplýsingar og persónuvernd má senda á netfangið [personuvernd@aurbjorg.is](mailto:personuvernd@aurbjorg.is).

Komi upp ágreiningur um meðferð persónuupplýsinga er unnt að senda kvörtun til Persónuverndar á netfangið [postur@personuvernd.is](mailto:postur@personuvernd.is) eða með því að senda bréfpóst til Persónuverndar, heimilisfang: Rauðarárstígur 10, 105 Reykjavík. Sjá nánar á vefsíðunni [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is).

Útgáfa 3 - Gildir frá 8. maí 2026